

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 480/2013****2014/EES/23/39**

frá 24. maí 2013

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 788/2012 að því er varðar tímabilið fyrir
valfrjálsa greiningu tiltekinna varnarefna (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fódri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE⁽¹⁾, einkum 28. og 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2012 frá 31. ágúst 2012 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2013, 2014 og 2015 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu⁽²⁾ var m.a. kveðið á um að árið 2013 skyldi greining tiltekinna varnarefna vera valfrjáls, einkum þeirra varnarefna sem nýlega hafði verið bætt við áætlunina með þeirri framkvæmdarreglugerð eða varnarefna með mjög flókna skilgreiningu á leifum, til að gefa opinberum rann-

sóknarstofum tíma til að fullgilda nauðsynlegar aðferðir til greiningar þessara varnarefna. Þar eð opinberar rannsóknarstofur þurfa enn nokkurn tíma til að fullgilda nauðsynlegar aðferðir til greiningar þessarar varnarefna skal greining þessara varnarefna áfram vera valfrjáls árið 2014.

- 2) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 788/2012 til samræmis við það.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað neðanmálgreinar (g) í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 788/2012 komi eftirfarandi:

„Greining er valfrjáls árin 2013 og 2014.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 139, 25.5.2013, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 235, 1.9.2012, bls. 8.